



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE



Áfangastaðurinn Grímsey: núverandi staða og framtíðarsýn



Mynd: Paul Levesley/Unsplash

© Rannsóknamiðstöð ferðamála & Háskólinn á Hólum, 2023

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála og Háskólinn á Hólum

Rafpóstur: rmf@rmf.is, holar@holar.is

Veffang: www.rmf.is, www.holar.is

Titill: Áfangastaðurinn Grímsey: núverandi staða og framtíðarsýn

Höfundar: Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir

Frumkvæðissjóður Glæðum Grímsey, Nýsköpunarsjóður námsmanna og Vísindasjóður HA styrktu þetta verkefni

Númer: RMF-S-02-2023 og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum 2023/4

ISBN: 978-9935-505-08-8

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Grímseyjarviti © Ása Marta Sveinsdóttir

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.





Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Áfangastaðurinn Grímsey.....	2
Samfélagið í Grímsey.....	2
Náttúran í Grímsey.....	2
Gagnasöfnun og framkvæmd.....	3
Rýnihópar.....	3
Einstaklingsviðtöl.....	4
Spurningakönnun.....	4
GPS-rakning.....	4
Niðurstöður rýnihópaviðtala.....	5
Niðurstöður einstaklingsviðtala.....	8
Atvinna nú og til framtíðar.....	8
Ábyrg ferðamenska/-þjónusta og sjálfbær þróun.....	10
Kynning, merkingar og túlkun.....	11
Húsnæði og búseta í grímsey.....	11
Samgöngur.....	12
Til og frá grímsey.....	12
innan eyjunnar.....	13
Stjórnsýslan.....	14
Niðurstöður spurningakönnunarinnar.....	15
Bakgrunnur ferðamanna í Grímsey: Þjóðerni, aldur og menntunarstig.....	15



Efnisyfirlit

Ferðamáti, Ferðafélagar og dvalarlengd.....	16
Hvati ferðar og öflun upplýsinga.....	17
Upplifun ferðamanna.....	18
Ánægja og væntingar ferðamanna með áfangastaðinn	
Grímsey.....	20
Viðhorf gagnavart sjálfbærni/ábyrgri ferðamennsku.....	21
GPS-rakning ferðamanna.....	22
Samantekt.....	23
Lokaorð.....	24
Heimildir.....	25
Viðauki 1.....	26



Mynda- og töfluskrá

Mynd 1: Skemmtiferðaskip við Grímsey.....	2
Mynd 2: Bekkur við fuglabjarg.....	3
Mynd 3: Rætt við skemmtiskipafarþega.	5
Mynd 4: Halla Ingólfssdóttir leggur af stað í gönguferð með ferðamenn.....	7
Mynd 5: Skemmtiskipaferðamenn í Gallerý Sól í Grímsey.....	8
Mynd 6: Fiski landað í Grímsey.....	8
Mynd 7: Stuðlaberg í Grímsey.....	9
Mynd 8: Flokkunarstöð í Grímsey.....	10
Mynd 9: Vindmyllur og möstur "uppá eyju" í Grímsey.....	11
Mynd 10: Stiginn milli hæða í ferjunni Sæfara.....	12
Mynd 11: Athafnasvæði ferjunnar Sæfara í Grímsey.....	13
Mynd 12: Vegslóðar á norðurhluta Grímseyjar. Slóðinn hægra megin er að Orbis et Globus.....	13
Mynd 13: Orbis et Globus.....	14
Mynd 14: Þjóðerni svarenda.....	15
Mynd 15: Aldurshópaskipting svarenda.....	15
Mynd 16: Menntunarstig svarenda.....	15
Mynd 17: Ferðamáti gesta.....	16
Mynd 18: Fyrsta ferð til Grímseyjar.....	16
Mynd 19: Með hverjum er ferðast til Grímseyjar.....	16



Mynda- og töfluskrá

Mynd 20: Dvalarlengd gesta í Grímsey.....	16
Tafla 1: Dvalarlengd eftir ferðamáta.....	17
Mynd 21: Öflun upplýsinga um Grímsey fyrir ferð.....	17
Mynd 22: Aðalhvati ferðar til Grímseyjar.....	17
Mynd 23: Aðalhvati ferðar skipt niður á ferðamáta.....	18
Mynd 24: Hvað svarendur gerðu í Grímsey á meðan dvöl þeirra stóð.....	18
Mynd 25: Hvað svarendur gerðu í Grímsey á meðan dvöl þeirra stóð skipt eftir ferðamáta gesta.....	19
Tafla 2 Greiðsla á skipulagðri ferð eftir ferðamáta.....	19
Mynd 26: Greiðsla á skipulagðri ferð eða afþreyingu.....	19
Mynd 27: Ánægja ferðamanna með þætti er varðar áfangastaðinn Grímsey.....	20
Mynd 28: Væntingum ferðamanna til áfangastaðarins mætt.....	20
Tafla 3 Hvaða ferðamáta gestir myndu velja ef líklegt/mjög líklegt er að þeir komi aftur, skipt eftir ferðamáta.....	21
Mynd 29: Viðhorf gagnvart sjálfbærni/ábyrgri ferðamennsku.....	21

INNGANGUR

Grímsey, norður af Íslandi, nýtur aukinna vinsælda meðal ferðamanna. Eyjan liggur þvert á heimskauntsbaug og hefur að geyma fjölbreytilegt fuglalíf. Þróun ferðaþjónustu í Grímsey er skammt á veg komin og rannsóknir á henni takmarkaðar. Aukin ferðamennska getur reynst litlum samfélögum líkt og Grímsey, sem glímur við íbúafækkun, mikilvæg því í atvinnugreininni geta verið tækifæri til uppbyggingar. Í dag er ferðamannastraumur til Grímseyjar nánast alfarið yfir sumarið. Strjálbýlir áfangastaðir líkt og Grímsey, eru sérstaklega viðkvæmir fyrir árstíðabundinni fjölgun ferðamanna. Vegna þess hve gríðarleg fólksfjölgun verður í eyjunni yfir sumartímamann vegna síaukinnar ferðaþjónustu, er nauðsynlegt að fyrirbyggja og draga úr neikvæðum áhrifum og tryggja ábyrga þróun atvinnugreinarinnar í eyjunni.

Með ábyrgri ferðaþjónustu/ferðamennsku (e. Responsible Tourism) er átt við aðgerðir sem miða að því að bæta búsetuskilyrði fólks með þróun ferðamála á staðnum eða svæðinu, en einnig gera staðinn að enn betri áfangastað fyrir ferðamenn. Sjálfbær ferðaþjónusta/ferðamennska er markmiðið sem stefnt er að en ábyrg ferðaþjónusta/ferðamennska snýst um að taka ábyrgð á að ná fram sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu, með því að nýta bestu verkfærin og/eða aðgerðir sem völ er á á hverjum tíma og á hverjum stað (Mihalic o.fl., 2021).

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða eðli og áhrif ferðaþjónustu í Grímsey þar sem bæði yrði litið til land- og skemmtiskipa ferðamennsku. Ferðamenn sem koma með ferju og flugi hefur fjölgað umtalsvert síðustu ár og skemmtiferðaskip hafa í auknum mæli sótt eyjuna heim. Flest þessara skipa eru svokölluð leiðangursskip, sem eru lítil skip þar sem áhersla er lögð á að fræða skipafarþega um menningu og náttúru viðkomustaða.

Rannsóknin skiptist í nokkra verkþætti. Í fyrsta lagi voru tekin fókushópaviðtöl við ferðaþjónustuaðila og íbúa í Grímsey til þess að kanna viðhorf og félagsleg þolmörk Grímseyinga gagnvart skemmtiferðaskipum og annarri tegund af ferðamennsku. Í öðru lagi voru farnar alls átta vettvangsferðir út í eyju á bæði háanna – og lágannatíma ferðamennsku í Grímsey til þess að kanna mismunandi aðstæður, í þriðja lagi var ferðahegðun og viðhorf gesta í Grímsey rannsökuð með spurningakönnun og GPS-rakningum til þess að kortleggja ferðir gesta um eyjuna. Í fjórða lagi voru tekin einstaklingsviðtöl við alla sem reka ferðaþjónustufyrirtæki í Grímsey, auk nokkurra íbúa með fasta búsetu í eyjunni. Samanburður var gerður á hegðun landferðamanna (úr flugi eða ferju) og skemmtiskipaferðamanna og sérstök áhersla lögð á að rýna í sjálfbærni ferðaþjónustunnar í eyjunni í tengslum við uppbyggingu Grímseyjar sem áfangastaðar ferðamanna.

Rannsóknin er samstarfsverkefni Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (RMF) og Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum (FHH). Hún var unnin með stuðningi frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri og Frumkvæðissjóði Byggðastofnunar. Verkefnisstjórn var í höndum Ásu Mörtu Sveinsdóttur sérfræðings hjá RMF og Laufeyjar Haraldsdóttur lektors í FHH. Rita Tallárom nemandi í FHH vann einnig að verkefninu með stuðningi frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Niðurstöður allra verkþátta voru samþættar með það markmið að leggja grunn að gerð sjálfbærrar áfangastaðaáætlunar í samvinnu við samfélagið í Grímsey.

Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við ferðamálaaðila í Grímsey sem studdu við framkvæmd þess á ýmsa vegu. Samstarf var einnig haft við Örnú Björgu Bjarnadóttur, verkefnastjóra byggðapróunarverkefnisins Glæðum Grímsey. Þá var haft samstarf við verkefnisstjóra ferðamála hjá Akureyrarbæ Maríu Helenu Tryggvadóttur.

ÁFANGASTAÐURINN GRÍMSEY

Grímsey, sem liggur við heimskaupsbaug, er nyrsta byggð Íslands. Eyjan er mikil náttúruþaradís og rík af fuglalífi sem laðar að áhugasama ferðamenn. Starfsemi sem tengist ferðaþjónustu í eyjunni í dag eru þrír gististaðir, tjaldsvæði, sundlaug, veitingastaður, handverksbúð og örkaflíhús. Í eyjunni er eitt afþreyingarfyrirtæki með jet skíði og fleira auk þess sem það rekur pylsuvagn. Þá er rekstraraðili eins gististaðarins einnig ferðaskrifstofa. Hjólaleiga er einnig í eyjunni auk þess sem hópar geta fengið skoðunarferð um eyjuna með lítilli lest.

Í skýrslu sem unnin var af RMF að beiðni Akureyrarstofu árið 2018 kom fram að langflestir ferðamenn koma í dagsferð til Grímseyjar, sem rímar við niðurstöður þessarar rannsóknar. Það helsta sem laðar ferðamenn að er heimskaupsbaugurinn, fuglalífið, annað dýralíf og staðsetning eyjarinnar (Vera Vilhjálmstöttir og Ragnar Hólm Ragnarsson, 2018). Ferðamenn komast til eyjunnar ýmist með ferju, flugi, eða skemmtiferðaskipi. Ferðin með ferjunni Sæfara til Grímseyjar tekur 3-3 ½ klst. og fer frá Dalvík þrisvar í viku



Mynd 1: Skemmtiferðaskip við Grímsey. Mynd ÁMS

yfir veturinn en fimm sinnum í viku yfir sumarið. Áætlunarflug er frá Akureyri, þrisvar í viku yfir vetrartímann og tvisvar í viku yfir sumartímann. Auk sérferða sem boðið er upp á yfir sumartímann og mikið eru nýttar af skemmtiskipafarþegum sem koma í landi við

Akureyrarhöfn. Skemmtiferðaskip hafa í auknum mæli sýnt eyjunni áhuga og voru árlegar skemmtiskipa komur um 30 fyrir Covid-19 heimsfaraldurinn. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í ferðamennsku á heimsvísu komu 23 skip til eyjarinnar sumarið 2021, 29 sumarið 2022 og von er á 54 sumarið 2023 (Hafnasamlag Norðurlands, 2022).

SAMFÉLAGIÐ Í GRÍMSEY

Samkvæmt opinberum gögnum búa um 60 manns í Grímsey, en færri dvelja í eyjunni allt árið um kring. Aðal atvinnugrein Grímseyinga hefur tengst sjávarútvegi frá upphafi byggðar en með aukinni aðsókn ferðamanna til eyjarinnar hafa tækifæri til vaxtar í ferðaþjónustu aukist.

Grímsey er hluti af Akureyrarbæ og heyrir Grímseyjarhöfn undir Hafnasamlag Norðurlands. Eyjan var partur af verkefninu Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar, undir heitinu Glæðum Grímsey, 2016-2022. Markmiðið var að styrkja samfélagið og auka atvinnutækifæri fyrir heimamenn. Í samræmi við Ferðamálastefnu Akureyrar 2016-2026, hefur Hafnasamlag Norðurlands sett sér stefnu um komur skemmtiferðaskipa og gildir hún fyrir árin 2019-2029. Þar kemur fram að unnið verði markvisst að því að fjölga komum leiðangursskipa til Grímseyjar því að þær heimsóknir séu samfélaginu dýrmætar (Ferðamálastefna Hafnasamlag Norðurlands 2019-2029). Í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar segir einnig að unnið verði að uppbyggingu og hönnun áfangastaðarins með aukinni markaðssetningu þar sem lögð verður áhersla á sérstöðu eyjarinnar, auknum samgöngum og bættri aðstöðu. Þar er einnig lögð áhersla á að halda námskeið og vinnustofur fyrir heimamenn Grímseyjar til þess að fjölga störfum í ferðaþjónustu og auka tekjur íbúa (Ferðamálastefna Akureyrar 2016-2026).

NÁTTÚRAN Í GRÍMSEY

Náttúran í Grímsey er viðkvæm fyrir ágangi ferðamanna. Eyjan er 5,3 km² að flatarmáli, vel gróin, girt fuglabjörgum og er mólendi þar ríkjandi. Grímsey

hefur að geyma margar tegundir sjófugla sem ná alþjóðlegum verndarstöðlum og hefur eyjan verið sett á lista Birdlife International (IBA) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Grímsey er á lista Náttúrufræðistofnunar yfir svæði sem geyma mikilvæg lundavörp á Íslandi. Lundinn hefur nú verið settur á valista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í bráðri hættu (Náttúrufræðistofnun, 2022). BirdLife International telur að röskun fugla af völdum aukinnar ferðamennsku sé stór ógn við fuglabbyggðirnar í Grímsey (Birdlife International, 2022). Grímsey hefur verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs og er því á framkvæmdaáætlun og ætti að hljóta forgang um friðlýsingu. Norðurhluti Grímseyjar ásamt fuglabjörgum norðan- og austanverðrar eyjarinnar þykir sérstök ástæða til þess að friðlýsa og það svæði tilnefnt á C-hluta náttúruminjaskrár. Samhliða tillögunni benti Náttúrufræðistofnun á ógnir og aðgerðir sem ætti að skoða þegar kemur að því að skilgreina verndarráðstafanir. Líkt og Birdlife International hefur stofnunin bent á að ferðaþjónusta og bátaumferð séu helstu ógnir við dýralíf og gróður eyjarinnar og leggur áherslu á mikilvægi þess að auka stýringu og eftirlit með ferðamannastraumi og bátaumferð (Skarphéðinsson, Katrínardóttir & Guðmundsson, 2017).



Mynd 2: Bekkur við fuglabjarg. Mynd ÁMS

GAGNASÖFNUN OG FRAMKVÆMD

Í rannsókninni voru notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir þar sem gagna var aflað með eigindlegum og meginlegum hætti. Eigindlegra gagna var aflað á fjölbreyttan hátt. Alls voru farnar átta vettvangsferðir í eyjuna. Fyrsta ferðin var farin í lok mars áður en að ferðamannatímabilið hófst og sú síðasta í október þar sem fyrstu niðurstöður voru kynntar fyrir íbúum Grímseyjar. Skipulögð voru tvö rýnihópaviðtöl með 5-8 einstaklingum sem öll eiga það sameiginlegt að eiga heimilisfesti í Grímsey, auk þess sem tekin voru átta einstaklingsviðtöl. Meginlegra gagna var aflað í formi spurningarkönnunar fyrir gesti Grímseyjar til þess að kanna viðhorf þeirra, upplifun og væntingar til áfangastaðarins. Þar að auki var framkvæmd GPS-rakning meðal ferðamanna í Grímsey þar sem umferð gesta var kortlögð um eyjuna.

RÝNIHÓPAR

Markmiðið með rýnihópunum var að fá fram umræður og skoðanaskipti um stöðu og framtíðarsýn ferðaþjónustu í Grímsey. Rýnihópaviðtölin fóru fram í félagsheimilinu í Grímsey dagana 27. og 28. mars 2022 og tóku hvert um 60 mínútur. Í fyrra fókushópaviðtalinu tóku 5 hagaðilar ferðaþjónustunnar í eygni þátt og var það haldið í beinu framhaldi af fyrirlestri Gústaf Gústafssonar, aðjúntk við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, um ábyrga ferðaþjónustu. Þar voru ógnanir og tækifæri í ferðaþjónustu greind út frá forsendum ábyrgrar ferðaþjónustu. Seinna fókushópaviðtalið var tekið við 8 heimamenn Grímseyjar. Þar var notaður spurningarammi þar sem megináherslan var að ræða upplifun, jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðamenskunnar í Grímsey og framtíðarsýn heimamanna. Viðmælendur byrjuðu á að skrifa niður á gulan miða þeirra draumsýn á Grímsey sem áfangastað ferðamanna eftir 10 ár, merkt A í niðurstöðukaflanum hér að neðan.

Rýnihópaviðtölin voru skipt í tvo hluta, í fyrri hluta var farið yfir upplifun og framtíðarsýn heimamanna á ferðamennsku í Grímsey og þolmörk samfélagsins og náttúru varðandi fjölda og tegund ferðamennsku þar. Í seinni hluta viðtalsins var sérstaklega rýnt í viðhorf heimamanna gagnvart skemmtiferðaskipunum og farið yfir helstu álitamál, tækifæri og ógnir í sambandi við þessa tegund ferðamennsku.

Í beinu framhaldi af seinna rýnihópaviðtalinu var haldin vinnustofa með AECO sem eru alþjóðleg samtök leiðangursskipa á Norðurlóðum og unnin staðbundin leiðarvísir með upplýsingum og ráðleggingum til gesta. Leiðarvísirinn var unnin út frá þeim upplýsingum sem kom úr fókushópaviðtölunum og er sérstaklega ætlaður skemmtiskipafarþegum og kynntur farþegum fyrir komu í eyjuna. Um er að ræða leiðarvísir um hvernig á að vera tillitssamur/ábyrgur gestur og hvað á að hafa í huga á meðan eyjan er skoðuð.

EINSTAKLINGSVIÐTÖL

Tekin voru 8 einstaklingsviðtöl, fjögur í Grímsey og fjögur með myndsímtali í gegnum tölvu. Markmiðið var að fá sýn einstakra viðmælenda á samfélag og aðstæður í Grímsey, á stöðu ferðamála í eyjunni og þróun hennar til framtíðar. Viðmælendur reka ferðapjónustufyrirtæki í Grímsey eða koma að ferðapjónustu þar með einum eða öðrum hætti.

Í viðtölunum var stuðst við fyrirfram mótaðan spurningaramma sem var sá sami í öllum viðtölunum. Spurningaramminn var hannaður með hliðsjón af niðurstöðum rýnihópaviðtalanna og rýningu ýmissa fyrirliggjandi gagna, líkt og vefsíður, skýrslur og önnur skjöl. Í viðtölunum var annars vegar komið inn á samfélagslega þætti sem snerta ferðamál, eins og samgöngur við og innan eyjunnar, húsnæðismál, atvinnumál og stjórnsýslu. Hins vegar var einblínt á ferðamálin þar sem komið var inná viðhorf til ferðapjónustu og ferðamanna,

ásamt framtíðarsýn. Viðtölin voru tekin upp, afrituð og greind með eiginlegum rannsóknaraðferðum, m.a. tölvuforitsins ATLAS.ti.

SPURNINGAKÖNNUN

Megindlegra gagna var aflað í formi spurningakönnunar sem var lögð fyrir ferðamenn sem komu í land í Grímsey með flugi, ferju eða skemmtiferðaskipi. Markmiðið með spurningakönnuninni var að fá greinargóða þekkingu á væntingum, upplifun og ferðahegðun gesta í Grímsey. Við hönnun spurningalistans voru tekin mið af rýnihópaviðtölunum og fyrri könnunum sem RMF hefur lagt fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Spurningalistinn var á ensku og íslensku. Spyrrill afhenti ferðamönnum útprentaða lista en einnig var leitað eftir samstarfi við þjónustuaðila í eyjunni við dreifingu spurningalista og innsöfnun svara. Alls var safnað 254 útfylltum spurningakönnunum á tímabilinu 12. Júní – 20.ágúst 2022.

GPS-RAKNING

Í rannsókninni voru notuð GPS staðsetningartæki til þess að kortleggja ferðir gesta um eyjuna og þannig dýpka skilning rannsakenda á hegðunarmynstri ferðamanna í Grímsey. Þeir ferðamenn sem samþykktu að bera GPS tæki með sér á meðan ferðast var um eyjuna var afhent lítið tæki við komu, annað hvort á höfninni eða við flugvöllinn, og var tækinu svo skilað á sama stað við brottför. Eftir að tækinu var skilað fylltu þátttakendur út spurningakönnunina. Þannig var hægt að bera GPS mælingar við svörin í könnuninni. Ferðamenn báru tækið annað hvort um hálsinn eða í vasa á meðan ferðast var um eyjuna. Alls voru mældar 94 rakningar. GPS-rakning er gott tól til þess að gefa nákvæmar upplýsingar um ferðir gesta og tímalengd, t.d. hvar fólk stoppar á ferð sinni og hve lengi. Þessa tækni er hægt að nýta við grunnvinnu að áfangastaðaáætlun og uppbyggingu innviða á náttúrutengdum áfangastöðum, líkt og Grímsey. Mælingarnar geta verið gagnlegar við skipulagningu og stjórnun svæða og varpa ljósi á hvaða svæði

þarf að vernda eða hvar byggja þarf upp frekari innviði vegna ágangs. Einnig er hægt að nýta tæknina til þess að ná náttúruverndarmarkmiðum á náttúrutengdum áfangastöðum (Bielanski et al. 2018; Korpilo, Virtanen & Lehvavirta, 2017; Hallo et al, 2012).



Mynd 3: Rætt við skemmtiskipafarþega. Mynd LH

NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPAVIÐTALA

Sjávarútvegurinn hefur verið grunnatvinnugrein Grímseyinga. Þó ferðaþjónustan sé að stækka í eygni þá telja íbúar hana ekki vera atvinnugrein til jafns við sjávarútveginn eins og er, þar sem hún er of árstíðarbundin. Viðmælendur sögðu meðal annars:

Á heilsársgrundvelli sé ég hana ekki alveg eins stóra og sjávarútveginn. Ég vonast eftir að hún eigi eftir að stækka meira en það þarf mikið að gerast yfir veturinn til að hún sé á pari við sjávarútveginn.(V5)

Sammála, sjávarútvegurinn hefur alltaf verið okkar grunnur yfir veturinn en vonandi förum við að sjá ferðaþjónustuna jafn stóra líka. (V2)

Allir voru sammála að auka þyrfti ferðaþjónustu yfir allt árið.

Draumur er heilsárs ferðaþjónusta. Það var þannig fyrir covid, það var alltaf í hverri viku ferðamaður, stundum bara 1 en stundum 15 í viku allt árið. (V1)

Við viljum hafa ferðaþjónustuna á ársgrundvelli. Geta rekið hana allt árið.(V4)

Viðmælendur bentu á að sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan gætu unnið vel saman og sáu þar tækifæri sem mætti nýta betur.

Ég held að þetta geti unnið vel saman við það sem er að gerast í eyjunni nú þegar. Það er það sem fólk vill sjá. Fiskvinnslan er partur af ímynd eyjarinnar og held að þetta geti unnið vel saman. Mörg sóknarfæri sem væri gaman að sjá virka. (V3)

Viðmælendur bentu á það þyrfti að markaðssetja Grímsey betur. Það er margt sérstakt við Grímsey sem áfangastað og margt við veturinn í eyinni sem gæti laðað fleiri að yfir allt árið.

„Fólk er að sækja í myrkrið, norðurljósinn og vera algjörlega eitt með sjálfum sér. Að þú getur farið út og verið einn og séð engann.“ (A1)

Við erum með viðburði allt árið sem við gætum markaðssett [...] Við megum alls ekki vanmeta þennan íslenska markað því það er það sem er öruggast fyrir okkur. (V1)

Rýnihóparnir vildu einnig bæta upplýsingaöflun til fólks. Að þeirra mati eru gestir ekki nógu upplýstir um hvað er í boði í eyinni og margir koma og stoppa of stutt. Íbúar myndu vilja sjá fleiri koma og stoppa lengur og nýta þá afþreyingu og þjónustu sem er í boði.

Það eru bara svo margir sem vita ekki að það er hægt að gista hérna. Það kemur hérna og er hissa að það er gisting í boði og hefðu viljað gista ef þau vissu að því. (V1)

Alltof margir koma og halda að þeir nái yfir allt á stuttum tíma. Þó þetta er ekki stórt þá er þetta stærra en þeir héldu að þetta væri. Það þarf að gefa skýrari skilaboð um hvað er í boði þá myndi fólk kannski hugsa sig tvisvar um og ákveða að gista. (V5)

Það eru margir sem koma með ferjunni og stoppa í stuttan tíma með sitt nesti og svo fara þau aftur tilbaka með ferjunni. Borða sitt nesti á pallinum hjá Kríunni. (V4)

Viðmælendur ræddu ýmsa kosti við ferðabjónustuna. Íbúar töluðu um að það væri meira líf í eyinni og gaman væri að sjá meira af fólki. Allir voru sammála

um að uppbygging ferðabjónustu í eyinni væri Grímsey til hagsbóta og „setur svo mikið líf í eyjuna“ (V2). Einn viðmælandi skilaði inn eftirfarandi athugasemd á fundinum.

„Ferðabjónustan stuðlar að blómlegu samfélagi og jafnari skiptingu tekna“ (A2)

Margir bentu þó á að ferðamennskan hafi einnig sína galla og margt sem þyrfti að bæta, eins og uppbyggingu innviða.

Það er mikil umferð í kringum kúluna og jarðvegur í kring skemmist. Þarna er mikið álag á náttúruna. (V6)

Það er bara ein snyrting niður á bryggju og þyrfti að setja aðra upp einhversstaðar. (V8)

Skiptar skoðanir voru á skemmtiferðaskipunum sem koma til eyjarinnar. Íbúar voru að mestu leiti jákvæðir í garð skipafarþegana en fannst sumum þeir ekki skilja nógu mikið eftir sig. Einn viðmælandi sagði meðal annars:

Mér finnst skemmtiferðaskipin skilja of lítið eftir sig til að réttlæta álagið sem það veldur á náttúruna. Of mikið af fólki sem skilur of lítið eftir sig. (V5)

Aðrir bentu á að þetta hafi breyst mikið á síðustu árum með aukinni upplýsingaöflun til farþega.

Það hefur breyst mikið. Nú eru þessir farþegar að skilja mun meira eftir sig en þau gerðu. Þetta hefur breyst eftir að það var komið upplýsingum í skipin um hvað við erum að bjóða upp á. Áður fyrr þá vissi fólk ekki betur. Vissi ekki að það væri eitthvað hér sem hægt væri að kaupa en núna er meira að gera í galleriinu. (V1)

Ég sé ekkert nema gott við þetta. Þeir stoppa hérna við eins og farfuglarnir og svo eru þeir bara farnir. En skilja, sem betur fer, alltaf meira og meira eftir sig hérna í galleríinu til dæmis. (V4)

Viðmælendur voru allir sammála því að samgöngur til Grímseyjar þyrftu að vera betri. Bæta þyrfti ferjuna Sæfara verulega og hún ekki boðleg til farþegaflutninga eins og staðan er á henni í dag. Einnig voru íbúar sammála um að almenningssamgöngur til og frá Grímseyjarferjunni á meginlandinu væru ekki í lagi því tímatöflu passaði illa við tímatöflu ferjunnar sem hafði áhrif á ferðamennsku í eyinni. Eins þyrfti að bæta bókunarvél Sæfara og upplýsingum til farþega þar inni.

Mér finnst fátíðlegt að ferjan taki 100 manns en þeir stoppa miðasölu í 70 manns. Þú þarft að hringja og ef þú ert ferðamaður þá ertu ekki að fara hringja, þú tekur því bara þannig að ferjan er full. (V8)

Viðmælendur voru jákvæðir á framtíðina. Fólkið í eyinni vinnur vel saman en að erfitt væri fyrir samfélagið að halda uppi ferðþjónustu.

Það vantar einhvern til að sjá um innviði og afþreyingar eins og til dæmis staðarvörð. Fólk í samfélaginu er með svo marga hatta og er í annarri vinnu og það vantar einhvern sem sér um þetta og reddar. Það gæti verið fullt starf fyrir annað hvort einhvern í Grímsey eða utanaðkomandi. (V6)

Einn viðmælandi sem vinnur í ferðþjónustu bætti við að vöntun væri á húsnæði yfir sumartímann þegar fólki fjölgar í eyinni.

Mig vantar fólk í vinnu á sumrin en það er húsnæðisskortur yfir sumarið. Ég tek alla Grímseyinga frekar í vinnu en við erum fá og með marga hatta, að ef ég færi að ráða fólk þá þarf ég húsnæði. (V1)



Mynd 4: Halla Ingólfssdóttir leggur af stað í gönguferð með ferðamenn. Mynd LH



Mynd 5: Skemmtiskipaferðamenn í Gallerý Sól í Grímsey. Mynd LH


NIÐURSTÖÐUR EINSTAKLINGSVIÐTALA

ATVINNA NÚ OG TIL FRAMTÍÐAR

Niðurstöður úr einstaklingsviðtölunum rýma nokkuð vel við niðurstöður rýnihópaviðtalanna. Langflestir viðmælenda töldu byggð ekki þrífast í Grímsey nema sjávarútvegur haldi velli sem grunnatvinnugrein í eyjunni. Ferðapjónustan komi þó næst og fari vaxandi með ári hverju.

Fiskveiðar verði alltaf undirstaðan því að við lifum ekki á ferðamanninum, það er ekki séns [...] Ekki nema það myndi margfaldast, margaukast. (V1).

Þetta er auðvitað fyrst og fremst sjómennska hér. Þó við séum á sumrin að reyna að vera með fyrir túrist þá lifir þú ekkert á því árið um kring. Þetta er svona 3 mánuðir. (V5)



Mynd 6: Fiski landað í Grímsey. Mynd LH

Svo voru aðrir sem töldu að ferðaþjónustan gæti orðið jafn öflug og sjávarútvegurinn, miðað við þróun í báðum greinum síðust árin.

Ég er ekki sammála þeim sem segja hérna að ef að sjávarútvegurinn leggst af að þá sé þetta bara búið, ég er ekki sammála því [...] mín draumasýn væri að þær [ferðaþjónustan og sjávarútvegurinn] væru tvær stærstu og sterkustu stöðirnar því að ég tel að þær séu öruggastar. (V2)

Nefnt var að bygging hótels myndi breyta stöðunni til batnaðar.

Margir af þessum túristum sem eru að koma sem gista ekki hérna, því það er ekki nógu fínt fyrir þá sko [...] þessir hópar sem eru að skilja eitthvað eftir sig, þeir eru að koma hérna dagsferðir, eru að koma með þotum eða skipum sínum eða.....myndi auðvitað gjörbreytast ef það kæmi hótél fyrir þessa hópa. (V5)

Viðkomandi bendir þó einnig á að lélegar samgöngur við eyjuna og skortur á jarðhitavatni sé einnig takmarkandi fyrir ferðaþjónustuna. Það væri of dýrt að hita upp hótél, þó lítið væri, með olíu. Að finna heitt vatn til upphitunar sé ein af forsendunum fyrir því að byggð styrkist í Grímsey og að ferðaþjónustan geti þróast þar sem atvinnugrein.

Flestir viðmælenda voru jákvæðir fyrir því að hótél rísi í Grímsey en tóku þó vara á því að það yrði stórt. Tuttugu herbergja hótél með snyrtingum á öllum herbergjum var gjarnan nefnt sem stærðarviðmið fyrir slíkt hótél. Stærri hótél með mikil umsvif myndi slá á „sjarma“ eyjunnar þar sem margir gestir sækja í fámennið og fagra náttúru eyjunnar.

Ég hugsa að það sé þetta, að finna eitthvað millistig, að það sé ekki verið að auglýsa og auglýsa og fá fullt af túristum og svo er ekki hægt að sinna þeim. (V4)

Flestir viðmælenda eru jákvæðir gagnvart komum skemmtiferðaskipa en taka fram að mikilvægt sé að ekki stoppi fleiri en eitt skip í einu. Þar liggja þolmörk bæði samfélagsins og náttúru eyjunnar að mati margra. Þá eru all nokkrir sem telja að skemmtiskipafarþegar skilji lítið sem ekkert eftir í eyjunni og úr því þurfi að bæta. „Það væri draumastaða ef þetta skilaði meira til samfélagsins. Fólkíð sækir ekki mikið í mat eða afþreyingu meðan það stoppar.“ (V6) Einn viðmælenda nefnir að ef til vill væri hægt að fá einhvern aðila til að vera í sambandi við skipin og skipuleggja heimsóknir í Grímsey þannig að ferðaþjónustuaðilar, innviðir og náttúran í Grímsey njóti góðs af. Það sé sanngirnismál.



Mynd 7: Stuðlaberg í Grímsey. Mynd ÁMS

ÁBYRG FERÐAMENNSKA/-ÞJÓNUSTA OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvaða merkingu þeir legðu í hugtakið „ábyrg ferðamenska/-þjónusta“ svöruðu flestir að það tengdist því að taka vel á móti gestum og „halda utan um þá sem stoppa. Að það sé ekki að vera að ganga á landsins gagn og nauðsynjar en samt að láta fólki líða vel.“ (V1).

Sem úrræði í átt að sjálfbærri þróun nefna margir flokkun á sorpi og að þar mætti gera betur. Mörgum var einnig tíðrætt um díselolíuna sem notuð er til að kynda húsin í eyjunni og framleiða rafmagnið. Það þyrfti að finna úrræði til að minnka olíunotkun og flestir nefna að borun fyrir heitu vatni sé æskilegasta leiðin. Einnig notkun sólarcella sem sumir íbúanna eru þegar farnir að nota ásamt varmaskiptakerfum í upphitun húsa. Þegar talið berst að loftslagsmálum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verður fátt um svör, en einn viðmælenda bendir á að það sé mikið um mótsagnir í þeirri umræðu allri sem er ruglingslegt og virki ekki hvetjandi til aðgerða á almenning og minni fyrirtæki.

Um vindmyllur eru nokkuð deildar meiningar. Tveir viðmælenda segjast afdráttarlaust vera jákvæðir gagnvart vindmyllum; „Ég er jákvæð, mér finnst alveg sama hvaðan gott kemur“ (V1). Nokkrir lýsa sig sumpart eða alveg hlutlaus gagnvart þeim. Aðrir eru mjög á móti vindmyllum í Grímsey. Þeir sem eru á móti vindmyllum óttast að þær muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf eyjunnar og að ekki hafi farið fram nægilega miklar rannsóknir á áhrifum þeirra.



Mynd 8: Flokkunarstöð í Grímsey. Mynd LH

Tvær 6 kW vindmyllur voru settar upp í tilraunaskyni árið 2021, efst á eyjunni, ofan og austan við þorpið. Að sögn viðmælenda var það gert þrátt fyrir andstöðu íbúa (V2). Nokkrir viðmælenda nefna einnig að framleiðslugeta þessara vindmylla sé svo takmörkuð að það þyrfti margar í viðbót til að það skipti máli í rafmagnsframleiðslu fyrir eyjuna.



Mynd 9: Vindmyllur og möstur "uppá eyju" í Grímsey. Mynd ÁMS

Þeim hugnast ekki vindmyllugarður uppi á háeyjunni sem yrði mikil sjónmengun af og það hefði neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Björgin á austanverðri eyjunni séu auk þess afar sérstök og beri að varðveita fyrir utanaðkomandi áhrifum.

KYNNING, MERKINGAR OG TÚLKUN

Allir viðmælendur eru ánægðir með ferðamannabæklinginn sem gefinn er út af Akureyrarbæ. Mörgum finnst vanta betri merkingar í eyjunni til þess að vísa ferðamönnum leiðina að þeim stöðum sem kynntir eru í bæklingnum.

En við erum samt ekki nógu dugleg með... Akureyrarbær á að sjá um merkingar og svona og þeir hafa ekki verið nógu duglegir með að gera það. (V3)

Margir taka þó fram að það sé mikilvægt að hafa ekki „einvern haug af skiltum“ (V4). Það taki af sjarman við frelsið í Grímsey að stýra of miklu og vera með boð og bönn.

Það er mjög gott að það sé merkt, eins og rauða leiðin og allt þetta, að fólk viti hvar það er og það sé á þeim stöðum sem er frekar ætlast til þess að þau séu á. (V1)

HÚSNÆÐI OG BÚSETA Í GRÍMSEY

Viðmælendum er tíðrætt um húsnæðisskort í Grímsey og kallað er eftir aðgerðum af hálfu Akureyrarbæjar sem geri fólki kleift að byggja eða leigja húsnæði í eyjunni. Það sé eftirspurn eftir því en framboðið vanti.

Nokkuð er um að fólk eigi hús í Grímsey en nýti þau einungis fáa daga eða vikur á sumrin.

[...] skil ekki þegar fólk er að tala um að það séu 60-100 manns sem búa í eyjunni yfir sumartímann. Það eru alveg 4 ár eða meira síðan það var alveg búið sko. Ég mundi segja að við værum svona 35 manns [sem hafi raunverulega búsetu í eyjunni]. (V8)

Þessi vunnýting á því húsnæði sem fyrir er, er vandamál að mati viðmælenda þó ánægjulegt sé að fá brottflutta íbúa út í eyju.

Auk þess sem vantar húsnæði fyrir fasta búsetu vantar sárlega húsnæði til leigu fyrir starfsfólk ferðaþjónustunnar yfir sumartímann. Sumir ganga svo langt að segja að húsnæðismálin séu stæðsti þröskuldurinn fyrir þróun ferðaþjónustu í eyjunni.

Húsnæðisskorturinn er að mati viðmælenda hamlandi fyrir ungt fólk sem vill setjast að í Grímsey. Sú staðreynd að ekki er lengur leikskóli eða grunnskóli í Grímsey vegur auðvitað líka þungt þegar kemur að búsetuskilyrðum og þá séu erfiðleikar í nýliðun í sjávarútvegi eitt af þeim hömlum sem lagt er á ungt fólk sem vill eiga búsetu í eyjunni. Þessi staða hefur svo aftur bein og óbein áhrif á þróun ferðapjónustu í Grímsey.

SAMGÖNGUR

TIL OG FRÁ GRÍMSEY

Viðmælendur eru flestir sammála því að mikið vanti uppá að þeir búi við viðunnandi samgöngur. Á því eru þó undantekningar;

Ég er mjög ánægð með þetta, mætti vera meira flug eins og var, það var daglega yfir sumarið hérna áður fyrr þegar það voru túristar.(V2)

Þetta taka allir viðmælenda undir, þ.e. að það mætti vera fleiri flugferðir á viku og væri óskastaðan sú að hafa daglegt flug til Grímseyjar eins og það var fyrir covid heimsfaraldurinn. Einnig að flugdagar áætunarflugs á sumrin, sem eru sunnudagar og þriðjudagar, séu ekki að nýtast nægilega vel fyrir íbúa og ferðamenn. Á veturna bætast föstudagar við í áætunarflug. Viðmælendur telja það ekki rökrétt að fella niður föstudagsflugið á sumrin þegar meira er um ferðamenn.

Þegar talið berst að ferjunni Sæfara hefur fólk flest sterkar skoðanir. Ferjan sé löngu úr sér gengin og standist engin viðmið.

En það sem maður myndi vilja er að fá nýja ferju því að hún er löngu úr sér gengin, löngu. Hún átti að vera í 10 ár, svo gamall bátur, búinn að vera í 15. Hann stenst enga staðla. (V3)

Viðmælendur eru allir ánægðir með fjölda ferjuferða í viku, hins vegar henti ferjan sjálf afar illa til farþegaflutninga, sem sé í hróplegri mótsögn við vaxandi ferðapjónustu í eyjunni. Aðbúnaður farþega í Sæfara telja viðmælendur fyrir neðan allar hellur.

Því að það eru líka margir sem setja fyrir sig að fara í ferjuna, bara treysta sér ekki í hana. (V2)



Mynd 10: Stiginn milli hæða í ferjunni Sæfara. Mynd LH

Þetta er nottulega skelfileg ferja og megnið af liðinu sem er að koma hérna drullusjóveikt á leiðinni [...] það er ekkert klósett uppi og fólk þarf að klöngrast niður þennan stiga. Maður hefur farið með ferjunni og það kannski liggja þrjátíu manns bara á gólfinu með ælupoka og geta ekki hreyft sig.(V5)

Oft á tíðum sé fólk svo máttfarið af sjóveiki að það komist ekki á milli hæða til að fara á snyrtinguna. Þá sé þetta ekki aðgengilegt fyrir eldra fólk og hreyfihamlaða.

Langflestir telja að það þurfi nýja öfluga ferju sem henti til farþegaflutninga, ásamt því að flytja ferskan fisk, vélar og vörur. Æskilegt væri að ferjan færi heldur hraðar en Sæfari til að hægt sé að lengja dvalartíma dagsferðamanna í eyjunni. Eins og er sé dvalartíminn of stuttur til að fólk nái að skoða eyjuna og njóta dvalarinnar meðan ferjan stoppar. Ferja sem færi 15 mílur í stað 11 líkt og Sæfari gerir, gæti lengt dvalartímann hátt í klukkustund. Eins og er þurfi fólk nánast að hlaupa út að heimskautsbaug og til baka vilji það komast þangað og þá sé ekki tími til neins annars. Þá benda nokkrir á að bæta þurfi öryggi farþega sem eru að fara frá borði í Grímsey, en eins og staðan er ganga farþegar frá borði beint útá athafnasvæði þar sem vélknúin tæki eru að afferma eða ferma ferjuna.



Mynd 11: Athafnasvæði ferjunnar Sæfara í Grímsey. Myndir LH

INNAN EYJUNNAR

Hvað varðar samgöngur innan eyjunnar nefna nokkrir að það vanti sárlega að endurnýja þá akvegi sem fyrir eru. Þeir séu víða illa farnir og bráðabirgðarviðgerðir á sjáanlegum holum endist afar stutt og sé til lengdar litið dýrara en varanlegar viðgerðir á vegunum. Þá telja margir viðmælenda að það þurfi að bæta göngustíga¹, bæði til þess að bæta aðgengi, verja náttúruna víða um eyjuna og til að bæta öryggi gesta og gangandi vegfarenda. Viðmælendur eru flestir á sama máli um að ekki beri að gera öllum fært að aka hringinn um eyjuna, það muni skapa of mikið álag á náttúruna, ekki síst fluglabjörgin norðan og austan megin á eyjunni.



Mynd 12: Vegslóðar á norðurhluta Grímseyjar. Slóðinn hægra megin er að Orbis et Globus.

¹ Í apríl 2023 (eftir að þessi viðtöl fóru fram) fékk Akureyrarbær styrk úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða til þess m.a. að gera göngustíg frá þorpinu að afleggjaranum að flugstöðinni.

Mörgum er tíðrætt um gönguleiðina út að listaverkinu Orbis et Globus, eða „Kúlunni“ eins og verkið er kallað í daglegu tali. Þegar akvegi sleppir við flugstöðina (sem nýttur hefur verið sem göngustígur) taka við vegslóðar og kindagötur út að Kúlunni, sem liggur á heimskautsbaug, á norðurhluta eyjunnar. Þetta er eitt aðal aðdráttarafl eyjunnar og langflestir ferðamenn gera sér ferð þangað. Í blautu veðri verða moldargöturnar hálf ófærar og erfiðar yfirferðar, jafnt fyrir gangandi vegfarendur sem vel búin ökutæki. Nokkrar brekkur eru líka á leiðinn sem reynst hafa mörgum ferðamönnum erfiðar. Þeir komist kannski út að kúlu en ekki til baka. Þetta telja heimamenn vera öryggismál sem þarf að bæta. Ekki sé sjálfgefið að einhverjir séu til staðar, á viðeigandi faratækjum, sem sótt geti veika eða slasaða ferðalanga, eða veitt þeim þá faglegu aðhlyningu sem þarf. Undanfarin ár hafa komið upp nokkur atvik þar sem orðið hafa slys og fyrir nokkrum árum dó þar ferðamaður af völdum hjartaáfalls. Þetta situr í fólki.



Mynd 13: Orbis et Globus. Mynd LH

Mismunandi eignarhald á landi í Grímsey skapar líka flækjustig, þar sem sumt er í eigu Akureyrarbæjar, sumt á íslenska ríkið og annað er í einkaeign. Þetta á ekki síst við um landið þar sem hin vinsæla Kúla stendur. Þar sem landið er í einkaeign hefur reynst flókið að fá bæjarfélagið til þess að fara í aðgerðir til þess að bæta aðgengið. Hið blandaða eignarhald skapar vandamál við gerð skipulags sem er m.a.

forsenda þess að Akureyrarbær geti sótt um styrk í framkvæmdasjóð ferðamanna. Slíkar framkvæmdir þykja auk þess mjög dýrar þar sem flytja þarf öll aðföng til slóða- og vegagerðar úr landi út í eyju.

Nokkrir viðmælenda nefna að óþarfi sé og jafnvel ótækt að hafa kúluna út á heimskautsbaugi og betra væri að hafa hana nær þorpinu. T.d. við enda flugvallarins. Þetta sé sem fyrr segir öryggisatriði en einnig mundi það bæta mikið aðgengið og Kúlan geti eftir sem áður verið táknræn fyrir heimskautsbauginn í Grímsey. Þeir telja að fæstir ferðamannanna myndu setja það fyrir sig að Kúlan væri ekki staðsett akkúrat á baugnum.

STJÓRNSÝSLAN

Grímsey sameinaðist Akureyrarbæ árið 2009. Að sögn viðmælenda tók það nokkur ára á báða bóga að aðlagast breytingunum en yfirhöfuð voru þeir ánægðir með sameininguna og þá þjónustu sem veitt er af hendi Akureyrarbæjar. Sérstaklega nefna þau verkefnisstjóra ferðamála sem hafi verið afar ötull við að tala máli þeirra. Mörg nefndu að kjörnir bæjarfulltrúar og starfsmenn Akureyrarbæjar sýndu aðstæðum í Grímsey aukinn skilning.

Síðastliðin ár er ég að upplifa miklu meiri tengingu á milli Akureyrar og Grímseyjar á mjög jákvæðan hátt. (V2)

Málin taki þó stundum full langan tíma að komast í gegnum kerfið og oft tefjist verk eða strandi jafnvel vegna þess.


Við höldum hverfisráðsfundi [...] Við sendum inn fundargerðir sem eru þá settar í nefndir, sem okkur finnst taka óþarflega langan tíma. Þegar hér var bara hreppsnefnd þá voru hlutirnir bara gerðir. (V4)

NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNARINNAR


Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður spurningakönnunarinnar. Alls söfnuðust 254 svör við könnuninni. Kaflinn skiptist niður í sex undirkafla. Fyrst verða kynntar niðurstöður um bakgrunn ferðamanna, það er þjóðerni, menntun og aldur. Því næst ferðamáta, með hverjum var ferðast og dvalarlengd ferðamanna í Grímsey. Því næst hvata ferðar og hvar upplýsingum um Grímsey var safnað, upplifun ferðamanna, ánægju og væntingar og svo að lokum viðhorfi gagnvart ábyrgri ferðamennsku og sjálfbærni. Samanburður er gerður á milli ferðamáta ferðamanna, þ.e. hvort ferðast hafi verið með flugi, ferju eða skemmtiferðaskipi á einstaka spurningum.

BAKGRUNNUR FERÐAMANNA Í GRÍMSEY: ÞJÓÐERNI, ALDUR OG MENNTUNARSTIG


Svarendur könnunarinnar komu frá 21 landi, flestir frá Bandaríkjunum eða 40% svarenda. Því næst komu svarendur frá Íslandi, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Flestir svarendur voru á aldursbilinu 60-75 ára, eða 35%, og langflestir með háskólapróf, eða heil 81% svarenda. Sjá má skiptingu bakgrunnsbreyta eftir ferðamáta í viðauka 1.



Mynd 14: Þjóðerni svarenda




Mynd 15: Aldurshópaskipting svarenda




Mynd 16: Menntunarstig svarenda

FERÐAMÁTI, FERÐAFÉLAGAR OG DVALARLENGD

Af þeim gestum sem svöruðu könnuninni voru um 60% sem tóku ferjuna Sæfara til eyjarinnar. Um 30% voru farþegar skemmtiferðaskipa sem stoppuðu við í eyjunni og um 10% komu með flugi með Norlandair eða höfðu bókað skipulagða ferð með Circle Air. Langflestir voru að koma til eyjarinnar í fyrsta skipti, eða heil 92%.




Mynd 17: Ferðamáti gesta




Mynd 18: Fyrsta ferð til Grímseyjar

Flestir voru að ferðast með maka, eða 46%, 16% voru að ferðast með vini/-um og því næst með fjölskyldu öðrum en maka eða börnum undir 18 ára, eða 12%. Ferðamenn dvöldu ekki lengi í eyinni. Meira en helmingur svarenda dvöldu skemur en 6 klst. Um 70% dvöldu skemur en sólarhring, og 21% dvöldu skemur en 3 klst. Einungis 22% dvöldu lengur en 48 klst.



Mynd 19: Með hverjum er ferðast til Grímseyjar



Mynd 20: Dvalarlengd gesta í Grímsey


Alls svöruðu 251 spurningunni um hvað dvalið var lengi í Grímsey. Það er 99% svarhlutfall. Þegar svörum var skipt niður eftir ferðamáta kom í ljós að skemmtiskipaferðamenn og flugferðamenn dvöldu flestir skemur en 3 klst. á meðan ferjuferðmenn dvöldu flestir 3-6 klst.

	Minna en 3 klst.	3-6 klst.	7-12 klst.	13-24 klst.	25-48 klst.	Lengur en 48 klst.	Alls
	%	%	%	%	%	%	N
Alls	21%	45%	1%	2%	9%	22%	251
Ferja	2%	52%	1%	3%	10%	32%	155
Flug	48%	9%	0%	0%	22%	22%	23
Skemmtif.	52%	43%	0%	3%	1%	1%	73

Tafla 1 Dvalarlengd eftir ferðamáta

HVATI FERÐAR OG ÖFLUN UPPLÝSINGA


Ferðamenn voru spurðir í spurningakönnuninni hvar þeir öfluðu sér upplýsinga um Grímsey áður en þeir komu til eyjarinnar og hver aðalhvati þeirra var til heimsóknarinnar. Svarendur höfðu val um að merkja við fleiri en einnsvarmöguleika.



Mynd 21: Öflun upplýsinga um Grímsey fyrir ferð


Við spurningunni svöruðu flestir að öflun upplýsinga hafi farið fram á almennum leitarsíðum eins og Google eða Yahoo, eða 47%. Því næst notaði fólk ferðabæklinga eða bækur, eða 32%, til þess að afla sér upplýsinga um eyjuna. Þegar svörum var skipt niður á ferðamáta kom í ljós að skemmtiskipaferðamenn voru flestir að leita sér upplýsinga um borð í skipinu á leið sinni til Grímseyjar, eða 60%. Á meðan flestir landferðamenn (flug- og ferjuferðamenn) nýttu sér leitarvélarnar.

Þegar fólk var spurt hver aðalhvati þeirra var til þess að heimsækja Grímsey voru fuglarnir það sem laðaði flesta að og fuglalífið sá hvati sem flestir merktu við, eða 70%. Því næst var það heimskautsbaugurinn og náttúran.



Mynd 22: Aðalhvati ferðar til Grímseyjar


Skemmtiskipaferðamenn merktu flestir við hvatann „hluti af skipulagðri hópferð“ við svörun á spurningunni „Hver var aðalhvati ferðar þinnar til Grímseyjar?“, eða 66%. Fuglalífið og náttúran var frekar jöfn milli tegunda ferðamanna en færri skemmtiskipaferðamenn, eða aðeins 30%, merktu við að heimskauntsbaugurinn hafi laðað að ef svörun þeirra er borin saman við svörun landferðamanna.



Mynd 23: Aðalhvati ferðar skipt niður á ferðamáta


UPPLIFUN FERÐAMANNA

Ferðamenn voru beðnir um að merkja við allt sem þeir höfðu upplifað/prófað í Grímsey á meðan á dvöl þeirra stóð í eyinni. Við spurningunni merktu 85% svarenda við Fuglaskoðun, og því næst við Gönguferð (án leiðsagnar), eða 68%. Þó svo að heimskauntsbaugurinn hafi verið eitt af aðal aðráttarafli flestra svarenda fóru aðeins 40% þeirra sem svöruðu könnuninni upp að listaverkinu Hringur og Kúla/Orbis et globus sem er kennileiti fyrir heimskauntsbauginn.




Mynd 24: Hvað svarendur gerðu í Grímsey á meðan dvöl þeirra stóð

Þegar svör við spurningunni er skipt niður á ferðamáta sést að munur er þar á milli hvað fólk upplifði. Töluvert færri skemmtiskipaferðamenn snæddu staðbundinn mat á meðan á dvölinni stóð, eða aðeins 11%. Einnig fóru fáir upp að Hringur og kúla listaverkinu eða að vitanum staðsettan á suðausturhluta eyjarinnar.



Mynd 25: Hvað svarendur gerðu í Grímsey á meðan dvöl þeirra stóð skipt eftir ferðamáta gesta

Aðeins 35% greiddu fyrir skipulagða ferð eða afþreyingu á meðan á dvölinni í Grímsey stóð. Flestir þeirra sem svöruðu spurningunni játandi voru skemmtiskipaferðamenn.



Mynd 26: Greiðsla á skipulagðri ferð eða afþreyingu

	Já %	Nei %	Alls N
Alls	35,0%	65,0%	243
Ferja	19,9%	80,1%	151
Flug	43,5%	56,5%	23
Skemmtiferðaskip	65,2%	34,8%	69


Tafla 2 Greiðsla á skipulagðri ferð eftir ferðamáta

Þeir sem svöruðu spurningunni játandi voru beðnir um að svara frekar hvaðan þeir festu kaup á skipulagðri ferð, frá ferðaskipuleggjanda/afþreyingar fyrirtæki staðsett í Grímsey, hjá íslensku fyrirtæki utan Grímseyjar, hjá erlendu fyrirtæki eða hvort að ferðin hafi verið keypt í gegnum skipafélagið sem ferðast var með. Af þeim sem svöruðu spurningunni játandi voru flestir skemmtiskipaferðamenn sem höfðu fest kaup á skipulagðri ferð í gegnum

skemmtiferðaskipið sem þeir ferðuðust með, eða 90% skemmtiskipaferðamanna sem svöruðu spurningunni játandi.

ÁNÆGJA OG VÆNTINGAR FERÐMANNA MEÐ ÁFANGASTAÐINN GRÍMSEY

Spurt var um ánægju ferðamanna með ýmsa þætti sem varðar áfangastaðinn Grímsey. Ferðamenn voru heldur ánægðir með allt það sem varðar þjónustu, öryggi og hreinlæti en heldur minna ánægðir með innviði eyjarinnar, svo sem aðgengi að endurvinnslulátum, sorpílátum, almenningssalernum og drykkjarvatni. Myndin hér að neðan sýnir prósentu hlutfall þeirra sem voru annað hvort ánægðir eða mjög ánægðir með eftirfarandi þætti.



Mynd 27: Ánægja ferðamanna með þætti er varðar áfangastaðinn Grímsey

Ferðamenn voru langflestir sammála um að væntingum þeirra til áfangastaðarins hafi verið mætt ef marka má niðurstöður spurningarinnar „Uppfylti heimsóknin til Grímseyjar væntingar þínar til áfangastaðarins“ þar sem 89% svarenda svöruðu spurningunni játandi.



Mynd 28: Væntingum ferðamanna til áfangastaðarins mætt

Svarendur voru einnig líklegir til þess að mæla með Grímsey sem áfangastað ef skoðuð eru niðurstöður spurningarinnar „Á skalanum 0-10, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir mæla með ferð til Grímseyjar við vini, fjölskyldu eða vinnufélaga?“. Þar merktu flestir við 10, eða 55% svarenda og 84% merktu við 8-10. Ferðmenn með svöruðu könnuninni voru einnig líklegir til þess að heimsækja eyjuna aftur seinna ef marka má niðurstöður spurningarinnar „Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú komir aftur til Grímseyjar?“. Við spurningunni svöruðu flestir Mjög líklegt eða líklegt, eða 55%. Þeir svarendur sem voru líklegir eða mjög líklegir til þess að koma aftur til Grímseyjar voru beðnir um að svara hvaða ferðamáta þeir myndu velja.


Svarendur voru flestir líklegastir til þess að velja sama ferðamáta og þeir höfðu valið áður.

	Með ferju	Með flugi	Með skemmtiferðaskipi	Alls
	%	%	%	N
Alls	57,8%	23,5%	18,7%	166
Ferja	74,5%	24,5%	0,9%	110
Flug	28,6%	64,3%	7,1%	14
Skemmtiferðaskip	23,8%	7,1%	69,0%	42

Tafla 3 Hvaða ferðamáta gestir myndu velja ef líklegt/mjög líklegt er að þeir komi aftur, skipt eftir ferðamáta

VIÐHORF GAGNAVART SJÁLFBÆRNI/ÁBYRGRI FERÐAMENNSKU

Ferðamenn voru flestir sammála því að sjálfbærni skipti þeim miklu máli á ferðalögum og að ferðast á ábyrgan hátt væri þeim mikilvægt. Svarendur voru heldur meira sammála því að ferðast á ábyrgan hátt væri þeim mikilvægt en það að sjálfbærni skipti máli á ferðalögum.



Mynd 29: Viðhorf gagnvart sjálfbærni/ábyrgri ferðamennsku

Ef marka má þessar niðurstöður og opin svör svarenda hér að neðan er greinilega skýr áhugi á ábyrgri ferðamennsku í Grímsey. Þar kallaði fólk einnig eftir uppbyggingu innviða sem stuðlar að ábyrgri ferðamennsku í Grímsey.




Nokkur svör við opinni spurningu þar sem svarendur höfðu tækifæri til þess að bæta við athugasemdum varðandi heimsókn sína til Grímseyjar.

- *It is important that Grimsey remains minimally impacted by tourism.*
- *Protecting Grimsey's wildlife and nature is extremely important.*
- *PLEASE KEEP GRIMSEY TOURISM ON THE SMALL SCALE. RESPECT WILDLIFE AND CONSIDER BIRDLIFE NR. 1 PRIORITY.*
- *Could have more info / guidelines / signposting about looking after wildlife e.g. keeping distance from nesting birds / walking on grassland, etc.*
- *Needs signs on keeping away from nesting birds and edge of cliffs*
- *More signposts for hiking trails would be great*

GPS-RAKNING FERÐAMANNA

Alls voru mældar 94 heimsóknir til Grímseyjar. Flestir gengu um hafnarsvæðið og upp að Stekkjarvík. Niðurstöður GPS-mælinganna gefa til kynna mikinn mun á ferðamynstri skemmtisipaferðamanna borið saman við flug- og ferjugesti. Alls voru mældar 52 GPS mælingar af skemmtisipaferðamönnum, 48 af þeim eða 92% fylgdu sömu leið og héldu sig nálægt hafnarsvæðinu og gengu ekki lengra en upp að Stekkjavík. Aðrir gestir, landferðamenn, ferðuðust víðar um eyjuna. Alls mældust 42 mælingar af ferju og flugferðamönnum, flestir af þeim ferjufarþegar þar sem ekki náðust nema 6 mælingar af flugfarþegum. Margir gengu norður upp að listaverkinu *Hringur og kúla* eða suður að vita. Aðeins 3 af þessum 42 mælingum héldu sig í sömu alfaraleið og skemmtisipaferðegar. Restin ferðaðist mun víðar um eyjuna. Ástæðan fyrir þessum mikla mun á ferðahegðun getur verið að skemmtisipaferðegar eru margir hverjir eldri og eiga erfiðara með gang. Einnig var stýring ferðamanna frá skipunum mun meiri en af landferðamönnum sem margir ferðuðust á eigin vegum á meðan skemmtisipaferðamönnum var stýrt í hópum af leiðsögumönnum frá skipunum, stundum með aðstoð ferðaskipuleggjanda í eyinni. Kortin hér til hliðar sýnir nokkur dæmi um hvernig ferðamenn hreyfðu sig um eyjuna. Kort 1 sýnir hreyfingu 10 skemmtisipaferðamanna frá því að þau komu í land þangað til þau fóru aftur um borð í skipið. Kortið er lýsandi fyrir hreyfingu langflesttra skemmtisipaferðega um eyjuna því flestir héldu sig á þessu svæði. Kort 2 sýnir hreyfingu 10 landferðamanna um eyjuna frá komu þeirra til brottfarar. Af öllum flug- og ferjugestum sem mældir voru var farið mun víðar um eyjuna eins og sést á kortinu. Kort 3 sýnir það svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á C-hluta núverandi náttúruminjasrár, þ.e. svæði sem þykir sérstök ástæða til þess að friðlýsa, eins og útskýrt var hér fyrr í skýrslunni. Flestir landferðamanna fóru um það svæði, norðurhluta eyjarinnar. Engin innviða uppbygging hefur verið á stígum á þessum hluta eyjarinnar. Stígurinn upp að listaverkinu *Hringur og kúla* er nú þegar illa farin

á köflum, eins og sjá má á myndinni hér til hliðar og með aukinni umferð mun stígurinn verða lakari með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á náttúruna.



SAMANTEKT

Markmið rannsóknarinnar sumarið 2022 var að kanna eðli og áhrif ferðamennsku/-þjónustu í Grímsey frá sjónarhorni ábyrgrar ferðamennsku/ferðaþjónustu. Niðurstöður rýnihópaviðtala og einstaklingsviðtala sýna mikinn áhuga þátttakenda á því að þróa og efla ferðaþjónustu sem heilsárs atvinnugrein í Grímsey. Spurningakönnun meðal ferðamanna sýnir einnig mikinn áhuga á Grímsey og vilja þeirra til þess að leggja sitt að mörkum til sjálfbærrar þróunar ferðamennsku til hagsbóta fyrir samfélag og náttúru eyjunnar.

Íbúum er umhugað um að þeir fái að þróa ferðamál í Grímsey á eigin forsendum sem myndi í senn vernda náttúruna sem þeir lifa af og skapa þeim aukin tækifæri til lífsviðurværis og búsetu allt árið. Leggja þurfi áherslu á að lengja ferðamannatímabilið. Nú þegar sé mikið álag yfir sumartímamann sem hið fámenna samfélag þar eigi nóg með að sinna.

Í rýnihópaviðtölunum, jafnt sem einstaklingsviðtölunum, eru nokkrir þættir sem standa upp úr og viðmælendur telja að þurfi að leita lausna á til þess að ferðaþjónusta megi þróast í atvinnugrein sem máli skiptir fyrir fasta búsetu í Grímsey árið um kring.

Þar bera samgöngumál hæst. Ánægja er með fjölda ferjuferða milli lands og eyjar, en ferjan Sæfari er gömul og úr sér gengin og hentar afar illa fyrir farþegaflutninga. Hún fer hægar yfir en nýrri ferjur, er slæm í sjó og þar er afar bágborin aðstaða fyrir farþega. Flugþjónusta er mjög takmörkuð þar sem áætlunarflug er einungis tvisvar í viku yfir háannatíma ferðaþjónustunnar.

Hvað varðar innviði þyrfti að bæta upplýsingagjöf til ferðamanna, bæði í markaðs- og kynningarefni sem og á eyjunni sjálfri. Nauðsynlegt sé að bæta við göngustígum og viðhalda þeim sem fyrir eru mun betur en nú er gert. Það

snúist um aðgengi, náttúruvernd og öryggi ferðamanna. Þá sé brýnt að bæta öryggi ferjufarþega þegar þeir fara til og frá borði á hafnarbakkanum. Langflestir telja þörf á, eða eru hlynntir tilkomu lítils hótels sem mundi svara eftirspurn eftir gististað með hærra þjónustustigi en fyrir er í eyjunni. Þá kalla viðmælendur eftir samtali og aðgerðum af hálfu bæjarfélagsins til að leysa þann húsnæðisskort sem er í eyjunni, bæði fyrir fólk sem vill búa þar og fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum.

Mikil aukning skemmtiferðaskipa til Grímseyjar veldur gríðarlegri fólksfjölgun í eyjunni yfir takmarkaðan tíma og þó viðmælendur séu flestir jákvæðir gagnvart komum skemmtiferðaskipa, hafa þeir áhyggjur af því álagi sem gæti orðið á náttúru og samfélag eyjunnar ef þessi aukning heldur áfram. Þó í flestum tilfellum sé um að ræða lítil leiðangursskip þar sem skipafélögin gefa það út að þau fræði skipafarþega um náttúru og samfélag viðkomustaðanna, skilji komur þessara skipa afar lítið eftir sig í Grímsey, nema helst í sölu minjagripa í handverkshúsinu. Þessu vilja viðmælendur gjarnan breyta og kalla eftir stefnu í þessum málum og aukinni samvinnu varðandi afþreyingu, veitingar, leiðsögn og annað sem gæti komið samfélaginu í Grímsey og náttúruvernd eyjunnar vel.

Að lokum má nefna að íbúar Grímseyjar telja nauðsynlegt að halda áfram að bora eftir heitu vatni í eyjunni, það sé til staðar þó ekki hafi fundist heppileg vatnsæð við tilraunaboranir fyrir nokkrum árum. Það sé forsenda fyrir þróun heilsársferðaþjónustu og ekki síst fyrir sjálfbæra þróun búsetu og atvinnu í eyjunni.

Niðurstöður spurningakönnunarinnar meðal ferðamanna sýna þverskurð af þeim ferðamönnum sem koma til Íslands, þar sem stærstu hóparnir eru þeir sömu. Athygli vekur að Íslendingar virðast vera stór markhópur fyrir Grímsey og styður það við niðurstöður úr viðtölunum þar sem fram kemur að ferðaþjónustuaðilar telja það vera markhóp sem gjarnan megi veita meiri

athygli í markaðssetningu og kynningu á eyjunni. Langflestir koma með ferju eða með skemmtiferðaskipi til eyjunnar og stoppa stutt. 66% svarenda stoppa skemur en 6 klst í Grímsey og þar af 21 % skemur en 3 klst. Þetta endurspeglar það sem íbúa og ferðapjónustuaðilar nefna í viðtölunum og vilja breyta. Dvalartími ferðamanna í eyjunni sé of stuttur til þess að skilja mikið eftir sig í samfélaginu, auk þess sem ferðamennirnir ná ekki að njóta þess sem eyjan hefur uppá að bjóða. Grípa þurfi til samhæfðra aðgerða hagaðila til þess að breyta þessu mynstri.

Flestir svarenda leita sér upplýsinga um Grímsey í almennum leitarvélum eins og Google og Yahoo, nema skemmtiskipafarþegar sem fá upplýsingar um borð í skipunum. Helsta aðráttarafið er fulgalífið í eyjunni og heimskautsbaugurinn. Það endurspeglast í því að flestir merktu við fuglaskoðun og gönguferð sem það helsta sem þeir tóku sér fyrir hendur í Grímsey. Athygli vekur að þó heimskautsbaugurinn (60%), ásamt fuglalífi eyjunnar (70%), sé aðalhvati ferðarinnar til Grímseyjar þá merktu aðeins 40% svarenda við það að hafa farið að listaverkinu *Hringur og kúla* sem staðsett er á baugnum á norðurhluta eyjunnar. Í viðtölunum nefna íbúar að of langt sé „útað Kúlu“ fyrir drjúgann hluta ferðamanna sem koma til Grímseyjar þar sem oft sé um að ræða eldra fólk í misgóðu formi. Áhugi er fyrir því meðal heimamanna að færa táknið fyrir heimskautsbauginn nær þorpínu til að auka aðgengið og tryggja betur öryggi ferðamanna.

Ferðamenn sem til Grímseyjar koma virðast yfirhöfuð mjög ánægðir með dvölinu þar, en kalla eftir auknu aðgengi að salernum, endurvinnsluátum og drykkjarvatni. Þá eru margir sem nefna það að auka þurfi upplýsingar um náttúru eyjunnar og það hvernig ferðamönnum beri að haga sér til þess að trufla ekki fuglalífið. Meirihlutinn vill ferðast á ábyrgan hátt og telur ferðahegðun sem styður við sjálfbæra þróun vera mikilvæga. Þá sýna athugasemdir úr könnuninni að ferðamenn telja eyjuna einstaka og vara við neikvæðum áhrifum fjöldaferðamennsku.

Líkt og GPS rakningin sýnir er ferðahegðun skemmtiskipafarþega og landfarþega í Grímsey afar ólík. Farþegar af skemmtiferðaskipunum halda sig mikið við hafnarvæðið og einhver hluti þeirra tekur sér gönguferð norður fyrir flugvöllinn, að Stekkjavík, þar sem er fuglabjörg. Ferðamenn sem koma með ferju eða flugi hreyfa sig mun meira um eyjuna.

LOKAORÐ

Grímsey er einstök eyja á norðurhvara sem ferðamenn og ferðaskipuleggjendur hafa uppgötvað og þangað koma sífellt fleiri erlendir ferðamenn yfir sumarmánuðina. Samfélagið í eyjunni á undir högg að sækja vegna breytinga á sjávarútvegskerfinu og fækkun fólks sem hefur þar fasta búsetu. Í þróun ferðapjónustu í Grímsey liggja mikil tækifæri sem styrkt gætu atvinnulífið og þar með búsetuskilyrði, en vanda þarf til verka til að fyrirbyggja neikvæð áhrif á náttúru og samfélag eyjunnar. Langflestir ferðamenn og íbúar sem tóku þátt í rannsókninni sumarið 2022 vilja að ferðamennska/-þjónusta í Grímsey sé stunduð á ábyrgan hátt og stuðli að sjálfbærri þróun efnahags, samfélags og náttúru í eyjunni. Skýr framtíðarsýn og stefna í ferðamálum af hálfu Akureyrarbæjar er grundvallaratriði til að vel til takist. Skýrri stefnu þarf að fylgja tímasett aðgerðaráætlun til lengri tíma, sem sett er fram í samvinnu við ferðapjónustuaðila og aðra íbúa í Grímsey. Slík aðgerðaráætlun inniheldur m.a. áætlanir varðandi uppbyggingu innviða og stýringu ferðamanna til og um eyjuna. Með stýringu er ekki átt við að „hefta“ heldur aðgerðir sem gætu dreift álagi með því að breikka ferðamannatímamann, dregið að ferðamenn sem dvelja lengur og skilja meira eftir sig í samfélaginu, og stuðlað að verndun náttúru og samfélags um leið og þær ýta undir jákvæða upplifun ferðamanna. Þetta þarf að gerast fljótt því nú þegar eru ýmis merki þess að tímabundinn fjöldi ferðamanna á háannatíma ferðapjónustunnar nálgist þolmörk samfélags og náttúru Grímseyjar.

HEIMILDIR

Bielański, M., Taczanowska, K., Muhar, A., Adamski, P., González, L. & Witkowski, Z. (2018). Application of GPS tracking for monitoring spatially unconstrained outdoor recreational activities in protected areas - A case study of ski touring in the Tatra National Park, Poland. *Applied Geography*, 96, 51-65.

Birdlife International. (2022). *Important Bird Areas factsheet: Grimsey ut af Eyjafirdi*. Sótt 4. desember 2022 af <http://www.birdlife.org>

Ferðamálastefna Hafnasamlags Norðurlands 2019-2029. Sótt 7. Janúar 2023 <https://www.port.is/wp-content/uploads/2021/11/201910231745140f0022d5cb751bc3edd9d96d8f0ae148.pdf>

Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026. Sótt 7. Janúar 2023 af <https://www.akureyri.is/static/research/files/akstofa-ferdamalastefnasamth-i-baejarstjorn-20-des-2016pdf>.

Hafnarsamlag Norðurlands. (2022). *Komur Skemmtiferðaskipa 2023*. Akureyri.

Hallo, J. C., Beeco, J. A., Goetcheus, C, McGee, J., McGehee, N. G. & Norman, W. C. (2012). GPS as a method for assessing spatial and temporal use distributions of nature-based tourists. *Journal of Travel Research*, 51 (5) (2012), 591-606.

Korpilo, S., Virtanen, T. & Lehvävirta, S. (2017). Smartphone GPS tracking— inexpensive and efficient data collection on recreational movement. *Landscape and Urban Planning*, 157, 608-617.

Mihalic, T., Mohamadi, S., Abbasi, A. Og Dávid, L.D. (2021). Mapping a Sustainable and Responsible Tourism Paradigm: A Bibliometric and Citation Network Analysis. *Sustainability*, 13, 853. <https://doi.org/10.3390/su13020853>

Náttúrufræðistofnun. (2022). Válistar og friðun: Lundi (*Fratercula arctica*). Sótt af <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> 4. Desember 2022

Skarphéðinsson, K. H, Katrínardóttir, B., Guðmundsson, G. A. & Auhage, S. N. V. (2017). *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.

Vera Vilhjálmisdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson. (2028). *Ferðamenn í Grímsey sumarið 2018: Niðurstaða könnunar*. Reykjavík: Rannsóknamiðstöð ferðamála

VIÐAUKI 1

		Ferðamáti			Fjöldi	
		Ferja %	Flug %	Skemmtiskip %	N	%N
	Fjöldi	62%	9%	29%	254	
Aldur	18 - 29 ára	75%	17%	8%	36	14%
	30 - 44 ára	79%	11%	9%	53	21%
	45 - 59 ára	81%	6%	13%	53	21%
	60-75 ára	43%	9%	48%	89	35%
	76 ára og eldri	30%	0%	70%	20	8%
Land	Bandaríkin	65%	7%	28%	99	39%
	Bretland	32%	16%	52%	31	12%
	Ísland	82%	9%	9%	34	13%
	Þýskaland	50%	4%	46%	28	11%
	Frakkland	86%	7%	7%	14	6%
	Annað	63%	13%	24%	46	18%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	71%	7%	21%	14	6%
	Stúdentspróf eða iðnnám	72%	3%	24%	29	11%
	Bakkalárpróf	56%	9%	36%	110	43%
	Framhaldsnám	66%	12%	23%	96	38%

